

Málsnr.: 1504002

Málalykill: 0343

Minnispunktur (umsögn) til efnahgs- og viðskiptanefndar Alþingis v. 1179. máls.

- Margt bendir til að þörf fyrir sparisjóði sé einkum á landsbyggðinni og eitt meginhlutverk þeirra sé að tryggja viðunandi bankaþjónustu í dreifðum byggðum landsins.
- Mikilvægt er að tryggja fjölbreytni og samkeppni á fjármálamarkað og hljóta sparisjóðirnir að vera valkostur á þeim vettvangi.
- Sjálfstætt markmið þarf að vera að sparisjóðirnir verði áfram fjórða aflið á fjármálamarkaðinum þar sem viðskiptamódel viðskiptabankanna þriggja er keimlíkt.
- Ætla má að forsenda fyrir því að sparisjóðir starfi á komandi árum sé að þeir séu staðbundin fjármálafyrirtæki (sbr. lög 161/2002).
- Margt mælir með að Bankasýslan starfi áfram því þar er til staðar sérfræðikunnátta á fjármálamarkaðinum sem ellegar þarf að byggja upp hjá ráðgjafanefndinni.
- Hlutir ríkisins í sparisjóðum eru í Sparisjóði Norðurlands og Sparisjóði Austurlands. Eiginfjárukningin hjá Sparisjóði Norðurlands er í gangi og lýkur í næsta mánuði sem þynnir væntanlega út eignarhluta ríkisins í sparisjóðnum sem nú er um 80%.
- Kanna þarf hvort eignarhlutur Bankasýslunnar eigi frekar heima hjá Byggðarstofnun en hjá Bankasýslunni eða ráðgjafanefndinni, sbr tillögur Norðvesturnefndar sem nú eru til meðferðar hjá ríkisstjórn.
- Nánar þarf að skýra það ákvæði í texta lagafrumvarps (þingskjal 705, 1179 mál 7. gr) sem fjallar um sölu og sameiningar sparisjóða.